

15

12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1. töluliður, svo hljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagssins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

16

12. febr.

L Ö G

um mótak.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlzt rétt til þess að vinna mó í annara landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlast vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnuáráðuneytisins.